

**Nd.**

**536. Frumvarp til laga**

[50. mál]

um Skipaskoðun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 505 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Skipaskoðunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um öryggismál skipa og skipasmiðar, eftir því sem hún telur þörf á.
2. Að annast eftirlit með nýsmiði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Skipaskoðunar ríkisins í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykktu um öryggi mannlífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslensk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjaskipaskráanna, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenskan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslensk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu og annan gagnlegan fróðleik um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannaölög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra sá, er fer með öryggismál skipa, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Skipaskoðunar ríkisins og um einstök verkefni hennar.